
2. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 2. DESEMBER 2020

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélags, Ari Jónsson fulltrúi nemenda, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Særún Sigurjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigríður Hrönn Halldórsdóttir fulltrúi foreldra, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra, Arna Friðriksdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar

1. Niðurstöður skólapúlsins á líðan nemenda
2. Niðurstöður samræmdra prófa
3. Skólinn í dag.
4. Foreldrastarf
5. Önnur mál

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 2. desember kom skólaráð saman til 2. fundar ársins 2020.

1. Niðurstöður skólapúlsins á líðan nemenda.

Sesselja fór yfir niðurstöður Skólapúlsins en Skólapúlsinn er úrtakskönnun sem er lögð fyrir nemendum í 6. – 10. bekk þrisvar á ári. Í úrtakinu voru 46 nemendur og fjöldi svarenda var 42. Könnuninni er skipt upp í fjóra flokka og hefur hver flokkur 5 til 9 undirflokka. Flokkarnir eru:

- 1) Virkni nemenda í skólanum: Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, trú á eigin námsgetu.
- 2) Líðan og heilsa: Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress – ástæður, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, tíðni hreyfingar – tvisvar í viku eða oftár, hollt matarræði

- 3) Skóla- og bekkjarandi: Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum, tíðni leiðsagnarmats
- 4) Opin svör: Lýsing á því sem er gott við skólann og slæmt við skólann.

Sjálundsskóli er að lækka í flestum þáttum en um óverulegan mun er að ræða. Það sem sker sig úr er að þrautseigja í námi og trú á eigin getu minnkar og líðan nemenda er verri en áður.

Virgni nemenda í skólanum: Ánægja af lestri hefur minnkað á þessu skólaári en skólinn er á pari við landsmeðaltal. Nemendur segjast lesa reglulega en nemendur lesa ekki af því þeir hafa ánægju af því heldur af því þeir eiga að gera það. Áhugi á stærðfræði minnkar á milli ára en er á pari við landsmeðaltal. Ánægja af náttúrufræði er einnig á pari við landið. Trú á eigin vinnubrögðum í námi hefur minnkað frá síðasta skólaári og er 0,4 undir landsmeðaltali.

Líðan og heilsa: Niðurstöður sýna að sjálfsálit nemenda hefur minnkað og er 0,9 undir landsmeðaltali. Stjórn á eigin lífi er einnig undir landsmeðaltali og hefur lækkað frá síðustu könnun það sama á við um hreyfingu nemenda. Tíðni eineltis er undir landsmeðaltali og lítil breyting á milli ára.

Skóla- og bekkjarandi:

Sjálundsskóli er undir landsmeðaltali í þáttunum, samsömun við nemendahópinn og í virkri þátttöku nemenda í tímum. Agi í tímum er á pari við landsmeðaltal ásamt samband nemenda og kennara. Tíðni leiðsagnarmats er 0,5 yfir landsmeðaltali.

2. Niðurstöður samræmdra prófa.

Frábærar niðurstöður. Heildareinkunn á landsvísu er 30. Heildareinkunn í 4. bekk í íslensku er 31,4 og í stærðfræði 32,1. Heildareinkunn í 7. bekk í íslensku er 32,9 og í stærðfræði 34,5. Leiðsagnarmat hefur verið notað með markvissum hætti í 7. bekk. Sjálundsskóla rýnir í niðurstöður samræmdra prófa ár hvert.

3. Skólinn í dag.

Fjölgun í starfsmannahópnum um þrjá. Skipulag fyrir desemberdagskrá í gangi. Starfsfólk undirbýr óbreytt skólastarf fram að áramótum. Upplifun foreldra er að skólahaldi gangi vel

en fram kemur að mikilvægt er að nemendur fái hreyfanlegt svigrúm á sínu svæði. Upplifun nemenda er að skólahaldið sé eins gott og það getur orðið og það sé þægilegt að hafa nám í gegnum í google classroom.

4. Foreldrastarf

Aðalfundur foreldrafélagsins ný afstaðinn. Þrír nýir meðlimir í stjórn félagsins. Sigríður Hrönn Halldórsdóttir er nýr formaður. Áhyggjur af foreldrastarfi í skólanum, foreldrar lítið virkir, hafa helst tekið þátt í innilegu. Það þarf að efla verklag til að ná til foreldra á haustin, uppfæra upplýsingar á heimasíðu og útskýra hlutverk bekkjarfulltrúa. Enn vantar bekkjartengla í einhverjum árgöngum og það hefur skapast sú hefð að ekki hafa verið bekkjarfulltrúar á unglingastigi. Það þarf að skoða það þar sem það er mjög mikilvægt að foreldrar geti verið í samskiptum. Foreldrar í unglingadeild hafa hjálpað til við einstaka viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

Umræða um framkvæmd jólaskemmtunar Sjúalandsskóla.

5. Önnur mál

Bókhald foreldrafélagsins. Nýr gjaldkeri er kominn með aðgang að öllu en vantar pappíra frá fráfarandi gjaldkera þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Hjörtur Jónsson verður áfram fulltrúi í grunnstoðum og er áheyrnafulltrúi í skólanefnd.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir